



# Ársskýrsla 2021

## Öll vötn til Dýrafjarðar

Verkefnisstjóri  
Agnes Arnardóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Meginniðurstöður .....	2
Markmið og tilgangur verkefnis í Brotthættum byggðum .....	3
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn .....	4
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat .....	4
Yfirlit yfir styrkt verkefni .....	7
Fundir .....	7
Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis.....	8

## Inngangur

Öll vötn til Dýrafjarðar á Þingeyri er verkefni í samvinnu við Byggðastofnun undir verkefnaheitinu Brothættar byggðir. Verkefnið hófst árið 2018 með íbúáþingi 10.-11. mars þar sem farið var yfir áherslur og óskir íbúanna. Verkefnisstjórn var skipuð á þessu fyrsta íbúáþingi, en í henni sitja fulltrúar frá Byggðastofnun, Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og íbúum Þingeyrar alls 8 manns. Verkefnisstjóri verkefnisins var ráðinn frá 1. september sama ár. Verkefninu átti að ljúka í lok árs 2021 en Ísafjarðarbær sótti um framlengingu verkefnisins til Byggðastofnunar í ágúst 2021, í lok október samþykkti Byggðastofnun að framlengja verkefnið út árið 2022.

Verkefninu fylgir fjármagn sem m.a. ætlað er sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna, hvort heldur sem þau tengjast atvinnuuppbyggingu eða annarskonar samfélagsverkefnum. Þessi hvatning er í formi styrkja og auglýst er eftir umsóknum í þessa sjóði á hverju ári. Árið 2021 var ein úthlutun sem skiptist niður á 13 verkefni. Heimsfaraldurinn hafði einnig áhrif á árið 2021, tafir urðu á framvindu verkefna þar sem í mörgum tilfellum þurfti að fresta verkefnum vegna allskonar hafta í þjóðfélaginu tengt faraldrinum. Illa gekk að halda íbúafund vegna samkomutakmarkana og tóks það ekki fyrr en langt var liðið á árið. Var það miður þar sem meiningin var að halda íbúafund í upphafi árs til að fá álit og sýn íbúana hvernig best væri að nýta síðasta árið.

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn þurftu að aðlaga sig breyttum aðstæðum og fóru fundir þeirra fram rafrænt sem og flest önnur samskipti á milli aðila tengd verkefninu.

Hér að neðan er samantekt á stöðu verkefnisins, framvindu þess, markmiðum íbúanna og stöðu styrktra verkefna.

## Meginniðurstöður

Framvinda verkefnisins helst í hendur við áhuga íbúanna til að framfylgja þeim markmiðum og verkefnaáætlun sem þeir settu sér á fjölmönnum íbúafundum bæði 2018 og 2019. Einu sinni á ári í það minnsta eru haldnir íbúafundir. Á þessum íbúafundum er farið er yfir markmiðin, þar sem þau eru endurskoðuð, bætt við ef þurfa þykir og skoðað hvernig tekist hefur til.

Árið 2021 var mjög óvenjulegt ár að mörgu leyti, þar sem heimsfaraldur hefur haft veruleg áhrif á framvindu verkefnisins. Má þar fyrst nefna að ekki var unnt að halda íbúafund fyrr en langt var liðið á árið og mörgum verkefnum hefur þurft að fresta. Íbúafundur var haldinn 7. júní eftir margar ítrekaðar frestanir og bar það þess merki, var hann sá fámennasti hingað til. En þrátt fyrir þetta hefur verkefnið haldið áfram með aðeins breyttum aðferðum. Samskipti hafa að mestu farið fram rafrænt, sem hefur gengið vel, en slík samskipti hafa ekki hentað fyrir fjölmenna íbúafundi. Á íbúafundum þarf fólk að vinna saman í hópum og ekki eru allir jafn reyndir í rafrænum samskiptum og þykja þau hamlandi. Þess vegna var tekin sú ákvörðun að fresta íbúafundi þar til fundafært yrði og samkomutakmarkanir leyfðu. Engu að síður hefur verkefnið gengið vel og ýmislegt áunnist. Mörg verkefni eru í gangi, mislangt á veg komin og sumum þeirra er lokið. Allt eru þetta verkefni sem hafa þýðingu fyrir samfélagið á Þingeyri og í Dýrafirði.

Eins og fram kemur í inngangi sótti Ísafjarðarbær um framlengingu á verkefninu til Byggðastofnunar um eitt ár í viðbót þ.e. út árið 2022. Var þessi beiðni samþykkt og að því tilefni var ákveðið að fara í greiningarvinnu og gera einhverskonar stöðumat á verkefninu meðal íbúanna. Einnig var tilgangurinn að fá fram hvaða sóknarfæri til framtíðar íbúarnir sjá fyrir sér, hvar þau liggja og hvernig

hægt væri að vinna að þeim. Aðferðafræðin sem beitt var í þessari greiningarvinnu var að boða til rýnihópaviðtala meðal íbúa, til að fá þeirra viðhorf til verkefnisins og mat þeirra á framvindu þess. Fyrirfram var útbúin spurningalisti með 10 spurningum, sem lagður var fyrir hópana. Viðtölin fóru fram í lok nóvember og byrjun desember 2021. Alls voru fimm rýnihópaviðtöl tekin við fulltrúa íbúa í Dýrafirði auk fulltrúa í verkefnisstjórninni, alls um 40 íbúar. Valið var af handahófi úr íbúafloðu svæðisins og reynt var að hafa sem fjölbreyttasta aldurs- og kynjaskiptingu.

Niðurstöður rýnihópaviðtalanna má segja að hafi verið í heild sinni einkar jákvæðar og vekji bjartsýni um að markmiðum verkefnisins verði náð og að samfélagið færast nær þeirri framtíðarsýn sem íbúar settu fram í upphafi verkefnisins.

Hér má sjá nánar um niðurstöður rýnihópaviðtalanna

<https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/nidurstodur-rynihopavidtala-i-verkefninu-oll-votn-til-dyrafjardar-birtar>

Frá upphafi verkefnisins 2018 hafa 68 verkefni verið styrkt að upphæð rúmlega 34,5 milljónir. Verkefnisstjóri hefur einnig aðstoðað íbúa svæðisins við að sækja um styrki í aðra samkeppnissjóði og hefur umsóknnum frá svæðinu í slíka sjóði fjölgað mikið. Þó nokkur verkefni hafa fengið styrk úr þessum samkeppnissjóðum.

Með því hefur nýtt fjármagn komið inn á svæðið til atvinnuuppbyggjandi verkefna, sem sennilega hefðu ekki komið að öðrum kosti. Nokkur þessara verkefna gætu skilað auknum störfum inn á svæðið þegar fram líða stundir. Má segja að það sé ein birtingarmynd þess hvernig verkefnið hefur gengið fram til þessa, þrátt fyrir heimsfaraldur og frestun einstakra verkefna.

## Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Á meðfylgjandi slóð má finna nánari upplýsingar um markmið og tilgang verkefnis í Brothættum byggðum. <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/verkefnalysing>

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.“

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar er staðan vistuð hjá Vestfjarðastofu.

Í verkefnisstjórn verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar sitja eftirfarandi aðilar frá 11. sept. 2019:

- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.
- Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa.
- Guðmundur Ólafsson, fulltrúi íbúa.
- Guðrún Dögg Gunnarsdóttir, fulltrúi íbúa.
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun.
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Lína Björk Tryggvadóttir, fram til 30. nóvember 2021, Vestfjarðastofu.
- Sigmundur Fríðar Þórðarson, fram til apríl 2021, fulltrúi íbúa.
- Sigurður Líndal Þórisson, tekur við af Línu Björk Tryggvadóttur, Vestfjarðastofu.

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri hafa átt gott samstarf og hefur verkefnisstjórn verið góður stuðningur fyrir verkefnisstjóra.

## Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat

Meginmarkmið 1 – Fjölskylduvænt samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Kynningarherferð og beinar aðgerðir til að laða fólk til Þingeyrar				X		Í vinnslu
Koma á móttökukerfi fyrir fólk sem flytur til Þingeyrar		X				Á forræði Ísafjarðarbæjar
Sníða þjónustu almenningsgangna betur að þörfum íbúa Þingeyrar og nærsveita		X				Í vinnslu - á forræði Ísafjarðarbæjar
Efla og tengja saman félagslíf mismunandi aldurshópa		X				Í vinnslu
Forgangsræða verkefnum sveitarfélagsins		X				Á forræði Ísafjarðarbæjar
Búa til app fyrir Þingeyringa til að hafa samráð um að sækja og dreifa vöru og þjónustu	X					Lítill vilji - Engin tekið að sér þetta verkefni
Huga að framtíð flugvallarins á Þingeyri			X			Mikil umræða – á forræði ríkisins
Úttekt á fjarskipa- og vegamálum				X		Í vinnslu – á forræði ríkisins
Koma upp betri upplýsingaskiltum fyrir lokanir á heiðum			X			Í vinnslu - Umræða við Vegagerðina
Vinna með Ísafjarðarbæ til að finna nýjar leiðir til að efla samgöngur á milli kjarnana				X		Mikil umræða – á forræði Ísafjarðarbæjar
Kanna hvernig best er að nýta möguleika Þingeyringa við opnun Dýrafjarðargangna				X		Í vinnslu – verkefni í gangi sem hefur fengið ÖVD styrk
Meginmarkmið 2 – Skapandi samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Meta, kortleggja og skipuleggja stöðu og framlag listarinnar til samfélagsins		X				Lítið gerst – umræða átt sér stað
Skattaívilanir fyrir ný fyrirtæki	X					Á forræði ríkisins – ekkert gerst
Minni kostnaður við lítil fyrirtæki s.s. bókhaldskostnaður	X					Umræða en ekkert gerst

Greina núverandi stöðu matvælaframleiðslu á svæðinu			X			Í vinnslu – verkefnisstjóri og Vestfjarðastofa
Skoða leyfismál varðandi sláturvinnslu - viðskiptaáætlun fyrir sláturhús og fjármögnun		X				Umræða – í vinnslu
Kortleggja möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu og/eða útivistarsvæðisins fyrir Svalvogaveg	X					Engin tekið þetta að sér
Kanna vilja stjórnvalda til að koma til móts við sveitarfélög með sveigjanlegri og léttari reglum varðandi skammtíma búsetu		X				Umræða – í vinnslu – á forræði m.a. Ísafjarðarbæjar
Efla nýsköpun með góðu aðgengi að vinnuástöðu					X	Blábankinn
Stofna og virkja fjarbúafélag			X			Einn fundur haldin – í vinnslu
Setja upp leigumiðlun fyrir íbúðarhúsnæði sem ekki er í heilsársnotkun			X			Einn fundur haldin – í vinnslu – frekar lítil áhugi
Hvetja íbúana og fyrirtækin á svæðinu til að auka þátttöku sína í uppbyggingu samfélagsins				X		Í vinnslu – athafnaklúbbur stofnaður – fundir haldnir
Vinna að því að byggðakvóti og sértækur byggðakvóti nýtist sem best á Þingeyri			X			Verðið að vinna í þessu en lítil framgangur

### Meginmarkmið 3 – Umhverfisvæn útivistarparadís

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Greina möguleika fyrir vikingaferðaþjónustu	X					Ekki hafið
Styrkja golffélagið				X		Verkefnið fékk styrk – í vinnslu
Finna leiðir til öflunar fjármagns, gagngert til að merkja betur göngu- og hjólaleiðir				X		Í vinnslu í samráði við Ísafjarðarbæ – styrkt verkefni
Kanna vilja ferðaþjónustuaðila og heimafólks um aðgangstýringu að náttúruperlum		X				Þjóðgarðshugmyndir ræddar – í vinnslu – á forræði ríkisins
Halda ágengum plöntum í skeffjum og gæta að heilbrigði strandsjávar			X			Í vinnslu – á forræði Ísafjarðarbæjar
Móta skýra langtímastefnu í umhverfismálum með sjálfbærni að leiðarljósi		X				Umræða átt sér stað – á forræði Ísafjarðarbæjar
Setja af stað átaksverkefni sem miðar að því að hafa bæinn snyrtilegan				X		Í vinnslu í samvinnu við sveitarfélagið
Hvetja Ísafjarðarbæ til að hafa fráveitumál í lagi				X		Í vinnslu í samvinnu við sveitarfélagið
Koma upp afmörkuðu gáma- og geymslusvæði			X			Verður ekki – ekki vilji hjá sveitarfélaginu
Ganga frá Námunni í Sneiðingnum	X					Á forræði Ísafjarðarbæjar
Koma á fót kynningu og fræðslu um flokkun sorps fyrir íbúa og ferðamenn					X	Búið að halda kynningarfund og gefa út bækling
Stuðla að frekara viðhaldi gangstétta og gatna				X		Í vinnslu – Ísafjarðarbær
Stuðla að viðhaldi fasteigna bæjarins			X			Lítið þokast – ekki á fjárlögum sveitarfélagsins núna
Hvetja fyrirtækin til að vera með virka umhverfisstefnu og ganga vel um sín svæði			X			Umræða átt sér stað – í vinnslu
Upplýsa íbúa um fyrirtælanir og daglegan rekstur fiskeldis og aðra nýtingu sjávar					X	Arctic Fish hefur haldið einn íbúafund og kynnt sínar áætlanir

### Meginmarkmið 4 – Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Ísafjarðarbær veiti gott rafrænt aðgengi að málum og erindum bæjarins					X	Er vel aðgengilegt á heimasíðu bæjarins
Meta framboð og eftirspurn lóða og atvinnuhúsnæðis á Þingeyri					X	Gerð var einföld íbúakönnun – niðurstaða – mikill þörf – lítið framboð
Gera mat á möguleikum Þingeyrar til að vera "Þingstaður"	X					Verður ekki framkvæmt
Kanna vilja og möguleika tæknifyrirtækis eins og t.d. Snerpu til að koma upp gagnahýsingu á Þingeyri	X					Ekki forgangur
Stuðla að stuðningi við staðbundinn fyrirtækjarekstur					X	Verkefnisstjóri hefur veitt ýmsan stuðning m.a. styrkumsóknagerð
Hvetja Ísafjarðarbæ til að skoða það sem alvöru valkost að flugvöllurinn á Þingeyri verði opnaður aftur					X	Umræða átt sér stað – ekki vilji fyrir hendi

Hér fyrir ofan má sjá þær áherslur og þau verkefni sem íbúarnir vildu vinna að. Eitthvað hefur miðast áfram en annað ekki. Á íbúafundinum 7. júní var ákveðið að vinna áfram eins og kostur er að þessum markmiðum en skerpa á þeim atriðum sem raunhæft þykir að halda áfram með og leggja meiri áherslu á sum frekar en önnur. Hér að neðan er stutt samantekt frá fundinum og hvað fulltrúar lögðu til að yrðu áhersluatriði og unnið áfram.

<p><b>Markmið 1</b> Helstu áherslu- þættir væru samgöngur, fjarskipti og nýta möguleika Dýrafjarðargangna.</p>	<p><b>Markmið 2</b> Mjög mikilvægt að hvetja fyrirtæki til uppbýggingar og aukinnar þátttöku í samfélagsmálum.</p>	<p><b>Markmið 3</b> Umhverfismál, mekrkja betur gönguleiðið, gáma og geymslusvæði, fráveitumál og betra viðhald eigna sveitarfélagsins.</p>	<p><b>Markmið 4</b> Mjög mikilvægt að klára að vinna aðalskipulag og deiliskipulag, framboð lóða og áframhaldandi stuðningur við frumkvöðla og staðbundin fyrirtæki.</p>
--	--	---	--

Spurningar voru lagðar fyrir fundinn þar sem m.a. var spurt:

1. Hvernig er hægt að nýta síðasta árið sem best
2. Hvað tekur svo við.

Stutt samantek um hvað fundurinn lagði til sem svar við spurningunum :

<p style="text-align: center;"><b>Spurning 1</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Forgangsraða markmiðum</li> <li>➤ Taka/velja fá og klára þau</li> <li>➤ Þau verkefni og hugmyndir sem verða eftir verði í umsjá/ábyrgð sveitarfélags</li> <li>➤ Hverfisráð haldi markmiðum/verkefnum gangandi – Setji eða hafi til hliðsjónar í forgangsröðun verkefna.</li> <li>➤ Framlengja verkefnið – Klárlega</li> </ul>	<p style="text-align: center;"><b>Spurning 2</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Mjög mikilvægt að verkefnið haldið áfram = samvinna – Ísafjarðarbær - íbúasamtök, Blábanki, íbúafundur.</li> <li>➤ Finna leiðir til að þróa og ljúka verkefnum í framkvæmdaáætlun</li> </ul>
---	--

Önnur atriði sem fundurinn taldi mikilvæg:

Verkefnisstjóri mjög mikilvægur - búsettur á Þingeyri	Hvernig á að virkja ungmennin – fá skólann í lið og koma á framfæri
Heimastjórn	Fjarlæga lúpinu
Þjóðgarður	Gámasvæði - deiliskipulag
Möguleikar vegna tilkomu Dýrafjarðargangna	Drasl í umhverfi – fyrirtæki taka til
Aðalskipulag/deiliskipulag	Fjölskylduvænt samfélag
Húsnæði og lóðamál	Samgöngur yfir Gemlufall



## Yfirlit yfir styrkt verkefni

Staða styrktra verkefna er misjöfn en flest öll verkefnin sem hafa verið styrkt árið 2021 eru komin af stað. Hér fyrir neðan má sjá nákvæma stöðu miðað við árslok 2021. Samtals fjöldi verkefna 2021 eru 13 og frá upphafi eru þau 68 þó hefur verið hætt við þrjú vegna ytri aðstæðna. Mörg verkefni hafa þurft frest vegna heimsfaraldursins og ástandsins í þjóðfélaginu. Samtals hefur verið úthlutað styrkjum að andvirði 34,5 milljónum. Kynjahlutfall umsækjenda hefur verið nokkuð jafnt.

Staða styrktra verkefna úthlutun 2021:

Verkefni	Úthlutað 2021	Samning.undir.	Verk.hafið	Verk.lokið
Blábankinn - Startup Westfjords	820.000	já	já	
Viðskiptaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Brekkudal Dýrafirði	400.000	já	já	
Viðskiptaáætlun - bakarí	400.000	já	já	já
Danish Weekend in Þingeyri	300.000	já	já	já
Upptökuver Kómedíuleikhússins	800.000	já	já	já
Í garðinum hjá Láru	900.000	já	já	já
List í Alviðru 2021	800.000	já	já	
Útilistaverk á gömlu smiðjuna á Þingeyri	350.000	já	já	já
Finndu mig í fjöru – Náttúrustígur	500.000	já	já	
Trúnó – Tónlistarsmiðja fyrir börn	400.000	já	já	
Ný vefsíða fyrir Þingeyri	400.000	já	já	já
Tilraunaveiðar á krabba í Dýrafirði	1.000.000	já	já	já
Frumkvöðlasvaedi for kids	700.000			

Verklök miðast við þegar lokaskýrslu hefur verið skilað. Hér í töflunni voru nokkur verkefnana lokið árið 2021 en lokaskýrslu ekki skilað fyrir en í byrjun árs 2022. Því er ekki merkt við þau verkefni sem loknum verkefnum árið 2021. Eitt verkefni hefur ekki hafist og ekki búið að skrifa undir samning.

## Fundir

Stjórnarfundir voru átta árið 2021, bæði með allri stjórninni og undirbúningsnefnd stjórnar vegna styrkúthlutunar. Einnig átti stjórnin einn góðan vinnufund í desember þar sem farið var vel yfir stöðu verkefna, bæði þau sem tengjast markmiðum íbúafundanna og styrktra verkefna. Rætt var um stöðu verkefnisins ásamt því hvernig nýta ætti það sem eftir er af verkefninu út árið 2022.

Íbúafundur var haldinn 7. júní eftir fjórar frestanir vegna samkomutakmarkana. Beðið var færís þegar afléttingar samkomutakmarkana voru tilkynntar og íbúafundur boðaður sem síðan var afboðaður nokkrum dögum síðar vegna breyttar stöðu vegna faraldursins. Verkefnisstjóri hefur setið fjöldann allan af fundum utan við stjórnarfundir, sem tengjast styrkumsóknum, ýmsa aðstoð við fyrirtæki og íbúa. Mánaðarlegir fundir með bæjarstjóra, bæjarritara Ísafjarðarbæjar og formanni íbúasamtakana ásamt mánaðarlegum fundum með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða.



## Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok verkefnis

Árið 2021 hefur að mörgu leiti verið óvenjulegt ár og þá sérstaklega vegna áhrifa af Covid-19 heimsfaraldrinum. Hefur faraldurinn sett mark sitt á verkefnið að einhverju leiti, erfiðlega gekk að halda íbúafund vegna samkomutakmarkana. Mikil óvissa ríkti í samfélaginu og voru endalausar fregnir af stöðu faraldursins, samkomutakmarkanir voru reglulega færðar upp eða niður eftir því hvernig staðan var hverju sinni. Samt sem áður telur verkefnisstjóri að hugur sé í fólki og áhugi fyrir því að halda áfram og klára þau verkefni sem liggja fyrir og hafa verið frestað.

Verkefnisstjóri var mjög sáttur við að hafa náð að halda íbúafund, sérstaklega þar sem enginn slíkur var haldinn árið 2020. Mæting var alveg þökkaleg og skiluðu fundarmenn góðri vinnu. Hugur er í fólki og mikill vilji fyrir því að efla samfélagið og vinna að fjölbreyttu atvinnulífi. Stóru málin eru húsnæðis- og skipulagsmál, mjög mikilvægt er að flýta aðalskipulagsvinnu og deiliskipuleggja lóðir fyrir nýbyggingar eins og auðið er. Verkefnisstjóri hefur unnið í þessum málum frá byrjun með dyggri aðstoð íbúasamtakana. Nú liggur fyrir deiliskipulagsvinna sem kynnt verður íbúunum eftir áramót, þar sem nokkrar lóðir verða tilbúnar til umsóknar. Vonandi verður þetta komið til framkvæmda áður en verkefninu líkur, efling atvinnulífs hangir saman við íbúaframboð.

Verkefnisstjóri hefur átt í miklu og góðu sambandi við íbúana, einnig má segja að áhugi íbúanna sé þó nokkur gagnvart verkefninu. Kom það rækilega fram í rýnihópaviðtölunum sem haldin voru í lok ársins. Misjafnt er þó hversu mikið frumkvæði íbúarnir sýna verkefnum sem tengjast markmiðunum, sem þeir settu sér í upphafi. Verkefnisstjóri telur að eitt af hans stærstu verkefnum sé að styðja við íbúana, frumkvöðla og staðbundinn fyrirtæki á sem bestan og markvissasta hátt. Miðað við hvað kom út úr rýnihópaviðtölunum hefur honum tekist það verkefni vel og er mjög ánægður það.

Íbúasamtökin hafa eflst og hefur verkefnisstjóri komið að því verkefni, með því að sitja alla stjórnarfundir íbúasamtakanna sem áheyrnarfulltrúi. Aðstoðað við að miðla síðan áfram til sveitarfélagsins þeim málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.

Stemningin í byggðalaginu er góð, bjartsýni ríkir í atvinnumálum, sem má kannski að einhverju leiti rekja til uppgangs í fiskeldi á svæðinu. Samt sem áður eru íbúarnir meðvitaðir um það að fjölbreytt atvinnulíf er eitt af forsendum búsetu og fjölbreytni samfélagsins.

Að lokum telur verkefnisstjóri mikilvægt að vanda vel til verka og nýta síðasta árið sem allra best, efla samtakamátt íbúanna og vinna saman að áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins og atvinnulífsins.

Verkefnisstjóri er þökkalega sáttur með framgang verkefnisins en hefði kannski viljað sjá hlutina gerast hraðar. Þegar á heildina er litið hefur verkefnið stuðlað að því að aukið fjármagn hefur komið inn í samfélagið og fjölbreytt aðstoð við íbúana átt sér stað, sem nýst hefur til samfélags- og atvinnuuppbyggingar. Tíminn verður síðan að leiða í ljós hversu mikið kemur út úr verkefni sem þessu.